


ROLEX
OYSTER PERPETUAL
YACHT-MASTER 40




MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. desember 2016

47. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Tvöfalt fleiri ferðamenn í vetur

Erlendum ferðamönnum fylgar gríðarlega yfir vetrarmánuðina í ár. Bretar eru stærsti einstaki hópurinn. Flestir heimsækja Reykjavík og Suðurland. Sóknarfæri eru á Norðurlandi og víðar. » 4



Gefðu góða gjöf um jólin!



Oakley hjálmur, svartir, hvítir, rauðir, kr. 25.900

Oakley skíðagleraugu, margar gerðir, kr. 7.800


OAKLEY

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK


KEFLAVÍK
FÉLAGSVERUR



Áætlað er að tekjur af tónlist muni aukast um sex prósent á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Tónlistariðnaðurinn að vaxa í fyrsta sinn í áratug

Svo virðist sem tekjur af streymiþjónustum á borð við Spotify og auglýsingar í gegnum YouTube séu loksins farnar að skila sér í vasa tónlistarmanna, en tekjur í tónlistariðnaðinum eru nú að vaxa á ný í fyrsta sinn í áratug.

Business Insider greinir frá því að greiningaraðilar hjá Macquarie spái nú miklum vexti í iðnaðinum og að tekjur muni tvöfaldast á næsta áratug. Spáð er að tekjur í iðnaðinum muni vaxa um fimm prósent árið 2016 og nema 15 milljörðum Bandaríkjadala. Tekjurnar hafa dregist verulega saman undanfarna áratug en árið 1999 námu þær 40 milljörðum dollara.

Á síðastliðnu ári hefur YouTube greitt tónlistarmönnum yfir milljarð Bandaríkjadala, jafnvirði 110 milljarða króna, vegna auglýsinga. Það eru þó ekki allir sáttir við stefgjöld YouTube og hafa þungavigtarmenn úr tónlistariðnaðinum gagnrýnt að þau séu of lág. Margir nota YouTube í stað Spotify eða Apple Music sem greiða tónlistarmönnum hærri stefgjöld.

Tekjur af tónlistarstreymi eru nú orðnar stærsti tekjulíður iðnaðarins og skipta því greiðslurnar mjög miklu máli. Spotify greiddi út 1,8 milljarða dollara, tæplega 200 milljarða króna, til tónlistarmanna árið 2015. –sg

Vikan sem leið

90

dagar

Forsvarsmenn Airbnb hafa ákveðið að mæta kröfum ósáttra leigjenda og takmarka möguleika notenda til útleigu í tveimur borgum. Í London mega eigendur ekki leigja út íbúðir sínar lengur en í 90 daga á ári og í Amsterdam takmarkast útleiga við 60 daga. Í fyrra lofuðu forsvarsmenn Airbnb að tryggja það að valda ekki skorti á leigumarkaði.

670

milljarðar

Árið 2016 hefur verið metár hjá kvikmyndaframleiðandanum Disney en fjöldi stórmynda úr smíðju fyrirtækisins kom út á árinu. Tekjur af myndum Disney nema yfir sex milljörðum dollara, jafnvirði 670 milljarða íslenskra króna, það sem af er ári. Þrjár af fimm vinsælustu kvikmyndum ársins í Norður-Ameríku eru úr smíðju Disney og fimm af þeim tíu vinsælustu.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón Hafliði Helgason hafliði@365.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

merking

....framleiðir

....Vörur úr plexigleri

Viðarhöfða 4 www.merking.is Sími: 562-7044



Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, hefur áhyggjur af því að hröð styrking krónunnar skemmi tækifæri til uppbyggingar til lengri tíma í greinum sem skapa hálaunastörf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Styrking krónu ógnar langtímahagsmunum

Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir nauðsynlegt að vinna á móti styrkingu krónunnar. Seðlabankinn þurfi að lækka vexti og kaupa gjaldeyri. Einnig sé nauðsynlegt að lífeyrissjóðir auki erlendar fjárfestingar.

Ástæða er til að hafa verulegar áhyggjur af því að styrking krónunnar valdi því að þekkingarfyrirtæki sem skapa hálaunastörf til lengri tíma flytjist úr landi. Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir þessa þróun varasama fyrir hag þjóðarbúsins til lengri tíma. „Þær greinar sem geta síst brugðist við hraðri styrkingu eru fyrstar til að leita annarra leiða. Það er því hættu á því að ef verið er að búa til nýtt starf eða setja upp nýja þróunareiningu verði það gert erlendis.“

Almar segir þetta eiga við um greinar sem byggja á þekkingu og menntun og borga hærri laun. „Þetta geta verið fyrirtæki á sviði lækningatækja, hugbúnaðarfyrirtæki og verkfræðistofur. Þetta er miklu fjölbreyttari flóra fyrirtækja en fólk gerir sér almennt grein fyrir.“ Hann segir þetta greinar sem byggja á mannaúdi og þekkingu og séu mikilvægar í bland við fyrirtæki sem séu með aðra samsetningu vinnuafis. „Við þurfum hvort tveggja og nú erum við á skeiði þar sem er hættu á að við töpum ávinningi af tæplega áratugar uppbyggingu í slíkum iðnaði úr landinu,“ segir Almar.

Almar segir að í ljósi þessarar styrkingar sé áhugvert að sjá að íslenskir langtímafjárfestar haldi að sér höndum með erlendar fjárfestingar. „Það hafa myndast góð skilyrði fyrir þá sem þurfa að dreifa áhættu sinni erlendis, en þau tækifæri hafa ekki verið nægjanlega nýtt. Það finnst okkur miður, því það myndi styðja við það að við höfum hér farsælla umhverfi til langtímauppbyggingar margs konar útflutningsgreina sem við þurfum til lengri tíma horft.“

Ferðaþjónustan hefur að undanfögnu skapað vaxandi gjaldeyristekjur og staða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum hefur aldrei verið sterkari. Almar segir að við þessar aðstæður þurfi að grípa til einhverra aðgerða. „Við fögnum því auðvitað að ferðaþjónusta byggist upp sem sterk atvinnugrein. Ef krónan heldur áfram að styrkjast eins og verið hefur, þá er það alvarlegt mál.“ Hann bendir á að ástæður séu til að hafa áhyggjur af því að of hröð styrking muni á endanum bitna á ferðaþjónustunni sjálfri.

Hann leggur áherslu á þrennt sem þurfi að nýta nú til að vinna á móti þróuninni. „Við teljum að

Það hafa myndast góð skilyrði fyrir þá sem þurfa að dreifa áhættu sinni erlendis, en þau tækifæri hafa ekki verið nægjanlega nýtt.

Seðlabankinn þurfi að lækka vexti og minnka vaxtamun milli okkar og annarra. Bankinn þarf einnig að vera virkur á markaði og kaupa gjaldeyri til að viðhalda jafnvægi. Í þriðja lagi þurfa lífeyrissjóðir að nýta þessa sterku stöðu til að nýta þær heimildir sem þeir hafa til erlendra fjárfestinga.“ Hann bætir því við að honum finnst vel koma til greina við þessar kringumstæður að sjóðunum sé sett gólf fremur en þak eins og verið hefur. „Það þarf að myndast útlæði á móti innflæðinu.“

Almar segir að afnám hafta við þessar kringumstæður sé skynsamlegt með þeim fyrirvara að varúðar sé gætt varðandi innstreymi vegna vaxtamunar. „Staðan núna er sú að það virðist vera óhætt að stíga stærri skref.“ hafliði@frettabladid.is

Á döfinni

Miðvikudagur 7. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2016

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

SEÐLABANKI ÍSLANDS

- Útgáfa Fjármálainnviða

Föstudagur 9. desember

LÁNAMÁL RÍKISINS

- Mánaðarlegar markaðsupplýsingar Lánamála ríkisins

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2016

Mánudagur 12. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Efnahagslegar skammtímatölur í desember 2016

Þriðjudagur 13. desember

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum

VINNUMÁLASTOFNUN

- Atvinnuleysistöður Vinnumálastofnunar

Miðvikudagur 14. desember

SEÐLABANKI ÍSLANDS

- Vaxtaákvörðun

Fimmtudagur 15. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Afli erlendra ríkja við Ísland 2014 og heimsaflinn 2014

Mánudagur 19. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir janúar 2017

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Samræmd vísitala neysluverðs í nóvember 2016

keldan
dægtal viðskiptaflís

DRAMATÍSKASTA SJÓSLYSASAGA SEINNI TÍMA



★★★★★
BGS / PRESSAN
um Háska í hafi

Illugi Jökulsson fer á kostum í
spennandi, hrífandi frásögn.

Koma ekki bara fyrir norðurljósin

Vetrarferðamenn verða tvöfalt fleiri í ár en í fyrra samkvæmt spá Isavia. Áætla má að erlend kortavelta yfir vetrarmánuðina fari yfir fjörutíu milljarða í ár. Bretar eru stærsti einstaki hópurinn. Margir koma bæði að sumri og vetri til. Ferðamennirnir eru skemur hér á landi og sækja mikið í skipulagðar skoðunarferðir. Reykjavík og Suðurland eru vinsælustu áfangastaðirnir og áramótin eru sigild.

Sæunn
Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Ný spá Isavia gerir ráð fyrir að erlendir ferðamenn til Íslands í vetur verði tvöfalt fleiri en frá nóvember til loka janúar á síðasta ári. Vetrarferðamenn eru að verða sífellt mikilvægari fyrir hagkerfið, kortavelta þeirra nam 30,2 milljörðum króna í fyrra samkvæmt tölum Rannsóknaseturs verslunarinnar og miðað við 46 prósent aukningu það sem af er ári í kortaveltu má áætla að hún verði rúm 44 milljarðar á þessu ári. Bretar eru stærsti hópurinn sem sækir Ísland heim á þessum árstíma.

Ragnheiður Harpa Haraldsdóttir, starfsmaður í markaðsdeild hjá ferðapjónustufyrirtækinu Arctic Adventures, segir Ísland í raun og veru vera eins og tvö lönd, eitt á sumrin og annað á veturna. Margir ferðamenn vilji upplifa bæði löndin og komi því aftur. Það eru ekki einungis norðurljósin sem trekkja að. Ferðamenn sækja í fjölbreytta afþreyingu á þessum tíma, þeir fara meðal annars í íshella sem ekki er mögulegt á sumrin og er verið að markaðssetja Norðurland sem sérstakan vetrarfangastað. Margir kjósa að fara í skipulagðar rútuferðir yfir landið til þess að fara sér ekki að vöðva á bilaleigubílum.

Markaðsvinna skilað árangri Þessi fjölgun ferðamanna og aukning í kortaveltu þeirra hefur ekki gerst af sjálfu sér. Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðapjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu, bendir á að á síðustu árum hafi fyrirtæki farið að vinna undir hattinum Ísland allt árið og sá fókus skýri meðal annars þróunina.

„Við baram saman árið 2012 hvernig árstíðasveiflan var á Norðurlöndum og vorum þá í fimmta sæti, en 2015 vorum við komin í annað sæti yfir sem minnsta árstíðarsveiflu. Þetta er að gerast rosalega vel, og þetta eru rosalega jákvæð merki. Nú er ferðapjónustan orðin að heilsárs atvinnugrein,“ segir Inga Hlín. Hún bendir á að nú sé Ísland vita-skuld komið á kortið sem áfangastaður og að innviðir í tengslum við flug hafi batnað mikið. „Flugfélögin íslensku eru að bjóða upp á fleiri flugleiðir. Það eru meiri möguleikar fyrir söluaðila og ferðamenn til að bóka sig til landsins sem var ekki áður. Allt þetta hefur áhrif á hvert við erum komin. Við erum í tísku, þetta er áfangastaður sem fólk langar til að heimsækja. Það er á lista hjá fölkum að það langi til að koma, en á móti kemur að við á Íslandi verðum að halda rosa vel utan um þetta því að það gæti auðveldlega breyst,“ segir Inga Hlín.

„Við erum með samkeppni við erlenda söluaðila og flugfélög að fljúga til landsins og halda athygli ferðamannsins að koma hingað.

●● **Þetta er að gerast rosalega vel, og þetta eru rosalega jákvæð merki. Nú er ferðapjónustan orðin að heilsárs atvinnugrein**

Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðapjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu



●● **Við eigum heilmikið inni úti á landi, en árstíðasveiflan er því meiri því lengra sem maður fer frá höfuðborginni.**

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF



●● **Vetrarferðamenn eru að koma í mun styttri ferðir en þeir sem koma á sumrin og eru að koma til að upplifa íslenska veturinn og borgina í sinni vetrarfergöð.**

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, framkvæmdastjóri Gray Line á Íslandi



Þetta skiptir alveg rosalega miklu máli í umræðunni núna. Gengi krónunnar skiptir máli, og getur haft áhrif, en ímynd og orðspor okkar skiptir miklu máli. Það að þessir innlendu og erlendu aðilar haldi áfram að selja ferðirnar, og að ferðamaðurinn fari héðan ánægður.“

Tækifæri úti á landi

Inga Hlín bendir á að mikil tækifæri séu í uppbyggingu fleiri áfangastaða en Reykjavíkur og gullna hringsins, til að mynda Norðurlands. „Það er gríðarlega ánægjulegt að sjá nýtt flug Flugfélags Íslands frá Keflavík til Akureyrar. Flugið mun örugglega skila sinu. Það eru gríðarleg tækifæri í að byggja það upp. Norðurland er rosalega tilbúið í veturinn, það er allt til staðar til að byggja þann áfangastað upp. Dettifoss er ekki síðri en Gullfoss, en við þurfum að byggja upp innviði þar.“

„Við megum líka ekki gleyma að það er mjög mikið nú þegar til staðar. Norðurlandið er með jólasveina, skíðasvæði, jarðböð og norðurljós,“ segir Inga Hlín. Hún segir Íslandsstofu þó fara varlega með norðurljósin. „Við lofum þeim ekki og þau hafa ekki verið lykillinn í okkar markaðssetningu.“



Vetrarferðalangar stoppa styttra á Íslandi og heimsækja oftast Reykjavík og Suðurland. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ísland eins og tvö lönd

„Ég myndi segja að það væru í raun tvö lönd í boði vetrar-Ísland og sumar-Ísland. Að vera á Íslandi á veturna og á sumrin er eins og að vera á tveimur mismunandi plánetum. Mjög margir koma um sumarið og svo aftur um veturinn eða öfugt og eru að upplifa þessar miklu andstæður sem ríkja,“ þetta segir Ragnheiður Harpa Haraldsdóttir, starfsmaður í markaðsdeild hjá ferðapjónustufyrirtækinu Arctic Adventures.

Ragnheiður segir að það sé mjög mismunandi afþreying í boði annars vegar á sumrin og hins vegar á veturna. „Það sem við erum aðallega að vinna með núna eru íshellaferðir og jöklaferðir og norðurljósaferðir. Norðurljósin eru í gangi núna þegar þau ákveða að sýna sig. Á sumrin eru íshellarnir ekki aðgengilegir og þá bjóðum við ekki upp á þær ferðir, né flúðasiglinga-

Brexit ekki haft áhrif enn

Bretar eru stærsti hópurinn sem heimsækir Ísland á vetrarmánuðunum. Samkvæmt tölum Ferðamálastofu voru þeir 36 prósent gesta síðasta vetur. Inga Hlín segir að í þessu sambandi þurfi að hafa gengismálin í huga. „En við höfum gengið í gegnum margt þar, Ísland er þekktara en þegar við höfum tekið dýfu áður. Það mun hafa áhrif og margir höfðu áhyggjur af Brexit en við sjáum 20 til 30 prósent aukningu frá Bretlandi á næsta ári. Það er farið að hafa áhrif að sjálfsögðu en við höfum egginn í fleiri körfum, við erum með breiðari hóp. Við verðum líka aldrei ódýr áfangastaður og eigum ekki að vera það í mínum huga.“

Vöxturinn mestur á veturna

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar, segir það mjög jákvætt að hin mikla fjölgun ferðamanna síðastliðin ár hafi verið að mestu utan háannar. „Við sjáum að vöxturinn á næsta ári samkvæmt spá Isavia

ferðir eða Laugaveggsgöngur. En svo eru ferðir sem er alltaf hægt að fara í eins og yfirborðsköfun (e. snorkelling) milli flekaskilanna,“ segir Ragnheiður.

Hún segir ferðamenn sérstaklega sækja í margra daga ferðir á veturna þar sem keyrsla er innifalin. „Það að kunna að keyra í snjó er ekki endilegra allra og mjög margir hafa heyrt sögur um hvað það er erfitt og vilja þá fara í ferðir þar sem er keyrt fyrir þá. Við erum að fara nánast út um allt á landinu,“ segir Ragnheiður.

Hún segir að mismunandi þjóðerni sækji oft í mismunandi ferðir. „Það fer eftir því hvernig típa ferðamaðurinn er. Sumar ferðir eru skiptar eftir þjóðernum. Íshellarnir eru sérstaklega vinsælir hjá ferðamönnum frá Asíu. Það eru allir að fara í norðurljósaferðirnar, en kannski minnst Kanadabúar sem sjá norðurljósin heima hjá sér.“

verður fyrst og fremst yfir vetrarmánuðina og það hefur náðst góður árangur í að minnka þessa árstíðasveiflu. Það hefur það í för með sér að atvinnugreinin í heild sinni er orðin sterkari og búin að festast í sessi sem heilsársatvinnugrein. Auðvitað skiptir það miklu máli, sér í lagi hvað varðar styrkingu innviða, og aukna framleiðni og starfsemi um allt land.“

Vetrarferðamennskan hefur náð lengra á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi og rétt utan við það en við erum að sjá aukningu um allt land. Það gerist hægar, en þetta er allt að koma. Þetta eru mjög jákvæð teikn. Við eigum heilmikið inni úti á landi, en árstíðasveiflan er því meiri því lengra sem maður fer frá höfuðborginni,“ segir Helga.

Parf að styðja við vegakerfið

Hún segir innviðauppbyggingu, sér í lagi hvað varðar vegakerfið, mjög mikilvæga til að viðhalda vexti í vetrarferðamennsku. „Ef við ætlum að tryggja það að ferðamenn fari víðar þá verður vegakerfið að standa

undir því, og það verður að tryggja mokstur og annað viðhald vegakerfisins. Það verður til dæmis erfitt að fjölga ferðamönnum fyrir norðan ef menn komast ekki að ferðamannastöðum eins og Dettifossi.“

Áramótin fullbókuð á hótélum


Hótelnýting hefur verið góð í vetur, jólatíðin er vinsæl en áramótin á Íslandi sem hafa verið vinsæl meðal ferðalanga í mörg ár virðast halda sínum sessi að minnsta kosti hjá hótélum í rekstri Ícelandair hótela. „Nýting hefur verið mjög góð það sem af er vetrar og desembermánuður jafnframt vel bókaður. Varðandi hátíðarnar þá hafa áramót verið fullbókuð marga mánuði fram í tímann, en við eigum enn einhver herbergi laus yfir jólin. Þau eru þó mun betur bókuð en áður, og við með margþætta veitingapjónustu yfir hátíðarnar sem spennandi er fyrir erlenda ferðamenn að njóta,“ segir Hildur Ómarsdóttir, forstöðumaður markaðsmála og viðskiptaþróunar Ícelandair hótela.

„Nýjasta hótél félagsins, Canopy



Erlendir ferðamenn á Íslandi

Heimild: Ferðamálastofa



* Samkvæmt farþega spá Ísavia

Reykjavík, hefur verið nánast fullbókað frá opnun 1. júlí, sem sýnir okkur jafnframt að ferðamenn hafa ekki síður áhuga á betri gistingu og eru tilbúnir að borga herra verð og þiggja betri þjónustu. Þetta eru mikilvæg skilaboð til ferðaþjónustu hér á landi og þeirra sem vinna að áframhaldandi uppbyggingu um að við eigum að horfa til þess að auka almennt gæði og afkomu ferðaþjónustu með hækkun verðlags, í stað þess að einblína eingöngu á fjöldataölur," segir Hildur.

Flug til Akureyrar mikilvægt

Hótelin úti á landi hafa þó ekki notið góðs af fjölgun yfir veturinn á sama hátt. „Landsbyggðarhótel hafa þó ekki enn náð sömu toppnýtingu yfir vetrarmánuði líkt og í Reykjavík, nema þá helst á Suðurlandi þar sem við erum að sjá mjög góða nýtingu allt árið um kring. Því er mikilvægt að efla markaðssetningu vetrar á landsbyggðinni umfram höfuðborgina, og efla samgöngur beint

frá Keflavík. Einn mikilvægur liður í þessu átaki er beint flug Flugfélags Íslands frá Keflavík norður á Akureyri, sem hefst núna í febrúar og við bindum miklar vonir við fyrir Norðurland, sem er auðvitað frábær áfangastaður fyrir þá sem vilja upplifa íslenska náttúruferðir að vetri til," segir Hildur.

Fjórfalet fleiri bókaðir í ár

Vinsældir Íslandsferða um áramótin endurspeglast í því að fjórfalet fleiri eru bókaðir í áramótaferðir Gray Line en í fyrra. „Það er mjög mikil fjölgun í ferðirnar okkar milli ára og við erum að bjóða upp á nýjungar og nýjar ferðir. Við finnum mikla aukningu á vetrarferðamenskunni í ár miðað við í fyrra. Við sjáum þetta á okkar ferðum og á áhuga á jólaferðum og áramótaferðum okkar," segir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forstjóri Gray Line á Íslandi.

„Vetrarferðamenn eru að koma í mun styttri ferðir en þeir sem koma á sumrin og eru að koma til að upplifa íslenska veturinn og

borgina í sinni vetrarferð og náttúruna í vetrarferðinni. Gullfoss og Geysir eru allt ódrúsi á veturna en á sumrin," segir Þórdís Lóa.

Vörubróun mikilvæg

Hún segir ferðamenn mjög duglega að nýta sér afþreyinguna sem ferðaþjónustuaðilar bjóða upp á. „Þess vegna sjáum við mikla aukningu hjá okkur milli ára.“ Hún segir að aukningin sé um allt land en þó sé langstærsti hópurinn á Reykjavíkursvæðinu og á Suðurlandi. Hún segir mjög mikilvægt að vera í stöðugri vörubróun til þess að mæta þörfum þessa hóps.

„Það er mikilvægt fyrir okkur ferðaþjónustuaðilana að vera í stöðugri vörubróun og mæta mismunandi þörfum mismunandi ferðamanna. Þeir eru breytilegir og við þurfum að vera með mikla og fjölbreytta afþreyingu í boði sem mætir þeirra þörfum. Game of Thrones ferðirnar okkar eru til dæmis dæmi um ódrúsi vöru sem að við sjáum ekki fyrir okkur fyrir fimm til tíu árum.“

Jólagjöfin í ár - Algjör snilld!

Wrapmaster ...ómissandi í eldhúsið!



- Klippir álfilmur og plast
- 35% sparnaður
- Ódýrari áfyllingar
- Má setja í uppþvottavél
- Afar auðvelt í notkun



Fæst í FK, Hagkaupum, Byko, Nettó, Krónunni, Kjarval og Húsasmiðjunni.



- Íslensk framleiðsla, framleitt af IDEX álgluggum ehf.
- Hágæða álprófilkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga

IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • tonastodin.is

Ef dýrin mættu velja



gæludýr.is
Einfaldlega ódýrari



Nýsköpun

Þórður Bjarnason
framkvæmdastjóri
Elf Tech

Hlustað á norðurljósin

Íslenska sprotafyrirtækið Elf Tech hefur þróað vöruna Aurorafy sem gerir notandanum kleift að hlusta á norðurljósin. Vinsældir norðurljósaferða hafa aldrei verið meiri og í nýrri skýrslu Ferðamálastofu eru norðurljósin tilgreind sem minnisstæðasta upplifun ferðamanna yfir vetrartímann á Íslandi. Aurorafy auðgar upplifunina af norðurljósunum og skapar þannig enn ógleymanlegri upplifun með því að tvíanna saman ljósadýrdina á himninum og heillandi hljóðheim.

Móttökubúnaður sem festur er á ökutæki sendir þráðlaust hljóðmerki í heyrnartól og heyrir það í rauntíma. „Við nemum ljós á annarri bylgjulengd en þeirri sýnilegu og ummyndum það beint í hljóð, án þess að eiga frekar við merkið,“ útskýrir Kristján Klausen tæknistjóri og annar tveggja stofnenda Elf Tech. Kristján er meistaranemi í edlisfræði með grunn í jarðedlisfræði og hefur starfað hjá Íslenskum orkurannsóknum og Væðingstofu Íslands samhliða námi. Framkvæmdastjóri Elf Tech og stjórnbróðir Kristjáns er Þórður Bjarnason sem á langan feril að baki í ferðaþjónustu og rekstri.

Elf Tech er eitt af sjö fyrirtækjum sem valin voru til þátttöku í viðskiptahraðlinum Startup Energy Reykjavík 2016. „Við höfum fengið mikinn meðbyr og góða leiðsögn ásamt því að kynna frábæru fólki með þátttöku okkar í Startup Energy Reykjavík,“ segir Þórður.

Áætlað er að um milljón ferðamenn komi til Íslands yfir norðurljósatímabilið í ár og að rúmur þriðjungur þeirra greiði fyrir norðurljósaferð. Norðurljósin eða aurora borealis eru sýnileg í grennd við heimskautsbauginn í löndum á borð við Noreg, Svíþjóð, Finnland og Kanada. Ljósin eru einnig sýnileg á suðurhveli jarðar en bera þá nafnið aurora australis og sjást í Suður-Astralíu og löndum á borð við Nýja-Sjáland, Chile og Argentínu.

Aurorafy kemur á markað haustið 2017 sem viðbót við skipulagðar norðurljósaferðir á jeppum eða rútum. Kristján og Þórður sjá jafnframt fyrir sér að varan Aurorafy geti auðgað norðurljósaupplifun ferðamanna sem ferðast á eigin vegum um Ísland og leigja bíla, gista á hótélum eða jafnvel með heimsóknum í baðlaugar með því að nota vatnsheld heyrnartól.

Hægt er að hlusta á tónðæmi og fylgjast með framvindu Aurorafy á Facebook-síðunni <https://www.facebook.com/Aurorafy-Iceland>.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í gegnum www.aurorafy.is.

Einir í heiminum



Iðnaðarmaður heldur störfum sínum áfram í íbúðahverfi í Sjanghæ í Kína. Skuldir kinnverskra heimila hafa rokið upp undanfarin misseri þar sem fasteignaverð hefur tekið stökk. Greiningaraðilar telja að niðursveifla gæti valdið miklu sjokki í öðru stærsta hagkerfi heims. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Uppsveifla Trumps gæti vel verið afstaðin fyrir páska



Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Eitt sem er sérlega hrifandi í hagfræðinni er mikilvægi væntinganna. Neytendur og fjárfestar eru yfirleitt framsýnir og það þýðir að breytingar á hagstefnu hafa oft áhrif jafnvel áður en þær koma til framkvæmda.

Dæmi um þetta eru væntingar um breytingar á peningamálastefnu. Þannig er almennt búist við að Seðlabanki Bandaríkjanna muni hækka stýrivexti um 0,25 prósent í næstu viku. Þetta þýðir að ef við lítum á markaðina þá hefur stýrivaxtahækkunin þegar að miklu leyti verið tekin inn í verð á gjaldþreifa- og skuldabréfa- og hlutabréfamörkuðunum. Þetta

þýðir að seðlabankinn hefur í raun nú þegar hert peningamálastefnuna, sem þýðir líka að væntanleg vaxtahækkun í næstu viku hefur nú þegar áhrif á bandaríska hagkerfið.

Það sama á í rauninni við um Donald Trump. Hann hefur verið kosinn forseti Bandaríkjanna en tekur ekki við fyrr en seinni partinn í janúar. Þetta þýðir samt ekki að hagstefna hans hafi ekki nú þegar áhrif. Raunar hafa markaðirnir nú þegar brugðist frekar sterkt við þessari (væntanlegu) stefnu og það lítur út fyrir að markaðirnir búist við að Trump-hagfræðin styrki bandaríska hagkerfið – að minnsta kosti að vissu leyti. Þannig hafa verðbrefamarkaðir hækkað og það sama á við um vexti ríkisskuldabréfa og verðbólguvæntingar markaðanna.

Sú staðreynd að markaðirnir skuli nú þegar bregðast við – sennilega við væntanlegri slökun á peningamálastefnu í formi skattalækkana og fjárfestinga í innviðum – þýðir að við munum sennilega sjá betri þjóðhagfræðilegar tölur í Bandaríkjunum frekar fljótt, sennilega áður en Trump tekur við embætti 21. janúar.

●● Þegar ljóst verður að verðbólgan fari líklega yfir tvö prósent mun óttinn við herta peningamálastefnu draga úr trú fjárfesta á varanleika Trump-upsveiflunnar.

Hins vegar gæti þessi „upsveifla“ orðið frekar skammvinn. Þannig hefur bandaríska verðbrefamarkaðurinn hressst vegna væntinga um skattalækkunir og umfangsmiklar innviðaframkvæmdir, sem einnig hafa valdið auknum verðbólguvæntingum.

Auknum verðbólguvæntingum hefur verið fagnað þar sem væntingarnar hafa verið undir tveggja prósentu verðbólgu markmiði Seðlabankans. Hins vegar, þar sem verðbólguvæntingar (til meðalangs tíma) hafa nú farið örlítið upp fyrir tvö prósent gera fjárfestar sér líka grein fyrir að seðlabankinn muni bregðast við þessu með meiri stýrivaxtahækkun. Svo þótt

væntanleg slökun í ríkissjóðarmálum stuðli að aukinni heildareftirspurn í bandaríska hagkerfinu er líklegt að væntanleg aðhaldsstefna í peningamálum muni að fullu vega upp á móti auknum hagvexti.

Með öðrum orðum: Þegar ljóst verður að verðbólgan fari líklega yfir tvö prósent mun óttinn við herta peningamálastefnu draga úr trú fjárfesta á varanleika Trump-upsveiflunnar. Þess vegna er „pláss“ fyrir aukinn hagvöxt í Bandaríkjunum til skamms tíma þar sem verðbólguvæntingar voru undir tveimur prósentum þegar Trump var kosinn, en frekar mikil og hröð aukning verðbólguvæntinga þýðir að hagvaxtaraukningin gæti orðið skammvinn.

Að lokum skal á það bent að Seðlabankinn er mjög líklegur til að reyna að halda aftur af „Trump-upsveiflunni“ þar sem hún gæti valdið aukinni verðbólgu. Annað atriði er að verndarstefnutal Trumps sjálfs gæti valdið miklum skaða á bandaríska hagkerfinu.

Svo við skulum fagna „Trump-upsveiflunni“ núna – hún gæti vel verið afstaðin fyrir páska.

Brjóst sem drepa



Hin hliðin

Þórhildur Ída
Þórarinsdóttir
MPM, IMAPP og
félagi í FKA.

Ef þú gætir fengið að vita með einfaldri blóðprufu hvort þú hefur krabbamein, myndirðu gera það?

Já, af því að þú myndir vilja taka málin í þínar hendur til að

eftengja þessa tímasprengju, til dæmis fara í eftirlit tvisvar á ári eða fyrirbyggjandi aðgerðir til að lifa lengur eða nei, ég gæti ekki afborið svoleiðis fréttir.

Hér er átt við þekkt stökkbreytt krabbamein, BRCA1 og BRCA2. BR merkir „breast“ og CA er „cancer“. Á heimasíðu Memorial Sloan Kettering Cancer Center má sjá tölfræði um að konur með BRCA2 hafa til dæmis 50-85% líkur á brjóstakrabbameini og 16-27% líkur á eggjastokka-

krabbameini en karlar auknar líkur á brjóst- og á blóðruhálskrabbameini.

Áhætta á þessum krabbameinum er talin mismikil í íslenskum fjölskyldum en bæði kyn hafa aukna hættu á briskrabbameini (sjaldgæft). Ísland er í þeirri sérstöðu að þessi genabreyting er algengari hér á landi en hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar og talið er að 2.400 Íslendinga hafi þessar stökkbreytingar.

Það er kominn tími til að við

sem „viljum vita“ fáum að nýta okkur vísindin og þeir sem „vilja ekki vita“ fái að vera í friði. Að sjónarmið beggja séu virt. Við getum nú þegar heimilað líffæragjöf af heimasíðu Landlæknis og við getum líka ákveðið að heimila ekki líffæragjöf. Þannig ætti það að vera með BRCA1 og BRCA2.

Ef heilbrigðiskerfið beinir sjónum sínum að forvörnum í stað þess að bíða eftir að fólk greinist mætti fækka ótímabærum dauðsföllum, krabbameinstíflum,

draga úr kostnaði og auka lífsgæði, svo ekki sé minnst á sársauka og sorg.

Fólk getur verið of önnum kafid, of ódauðlegt eða bara treystir sér ekki til að fá upplýsingar en mitt sjónarmið er að þekking skipti sköpum og ég hvet alla sem hugrekki hafa til að skoða erfðaefnin sín.

Við höfum tækifæri til að stjórna krabbameinslíkum á þann hátt sem sumir ættingjar okkar fengu aldrei tækifæri til.



Krakka-Alias

Segðu

Fánar veraldar

SKEMMTILEGU BORDSPILIN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA ERU KOMIN Í



Microsoft má kaupa LinkedIn

Tölvufyrirtækið Microsoft hefur fengið leyfi frá samkeppniseftirliti Evrópusambandsins til að kaupa samfélagsmiðilinn LinkedIn. LinkedIn tengir saman atvinnurekendur og fólk í atvinnuleit og hefur notið mikilla vinsælda.


Samningurinn nemur 26 milljörðum Bandaríkjadala og er stærsta yfirtaka Microsoft fram að þessu. Samningurinn hefur nú þegar hlotið grænt ljós í Bandaríkjunum, Kanada, Brasilíu og Suður-Afríku að því er Reuters greinir frá. Gengið verður endanlega frá honum á næstu dögum.

Sjötti söluhæsti Domino's staðurinn

Domino's í Skeifunni hlaut fyrr á þessu ári verðlaun frá Domino's International fyrir að vera sjötti söluhæsti Domino's-staðurinn í heiminum árið 2015. Að sögn Önnu F. Gísladóttur í markaðsdeild Domino's á Íslandi er þetta mikil viðurkenning fyrir starfsfólk Skeifunnar. „Þetta eru eftirsótt verðlaun í Domino's-heiminum og við erum einstaklega stolt af starfsfólki okkar.“

Staðurinn fékk einnig verðlaun árið 2014 fyrir að vera einn af tíu söluhæstu stöðum heims. Árið 2015 var söluhæsti staðurinn í Dublin á Írlandi.

Fyrsta verslun Domino's á Íslandi var opnuð árið 1993 og í dag er rekin 21 verslun hér á landi.



Alkapall úr endurunnu áli.

Umhverfisvænna ál

Alcoa kynnti nýja framleiðslulínu á álsýningu í Düsseldorf. Um er að ræða tvo vöruflokka; ECOLUM™ og ECODURA™.

Í fyrri flokknum er úrval steyprar álvöru sem felur í sér minnstu kolefnisáhrifin en þau eru 75 prósent minni en meðaltalið í iðnaði. Þessar vörur eru framleiddar í álverum sem knúin eru með vatnsafla og því er losunarhlutfall þeirra minna en 2,5 tonn af kolefni fyrir hvert tonn af áli.

Í seinni flokknum eru álstangir gerðar úr endurunnum málm, tilvaldar fyrir viðskiptavinum sem sækjast eftir kolefnissparandi hráefnum í framleiðsluvörur sínar.

Vaxandi áhersla er á umhverfisþátt í áliðnaði, en mikill vöxtur álframleiðslu hefur verið í Kína, en sá iðnaður byggir á orku úr kolabrennslu.



13,6%

HÆKKUN

Visitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 8,5 prósent á 12 mánaða tímabili frá október 2015, en á sama tíma hefur söluverð íbúða á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 13,6 prósent. Kaupverð húsnæðis hefur því hækkað nokkru meira en húsaleiga á tímabilinu. Greint er frá þessu í nýrri Hagsjá Landsbankans.

60

MILLJARÐAR

er jákvæð erlend staða þjóðabúsins í lok þriðja ársfjórðungs og hefur ekki verið betri frá því mælingar hófust. Erlendar eignir þjóðarbúsins voru 4.040 milljarðar króna í lok fjórðungsins en skuldir 3.980 milljarðar króna. Hrein eign er því sem nemur 2,6% af vergri landsframleiðslu.

5.12.2016

Hvað ferðaþjónustuna varðar þá hafa fyrirtækin tekist á við miklar launahækkanir síðustu misserin, neikvæð áhrif styrkingar íslensku krónunnar, störgallaða umgjörð og veikt regluverk. Eftirliti með ólöglegri og svartri starfsemi er verulega ábótavant og ólíandi að fyrirtæki í ferðaþjónustu skuli þurfa að eiga í samkeppni við þá sem ekki skila sköttum og skyldum í ríkissjóð.

Helga Árnadóttir



MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns



PRENTUNIS



www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18 • Dalbraut 1